

## Rúmábreiður

Rúmábreiður voru að vissu marki innanstokksmunir í híbýlum fólks þar sem alla jafna var fátt um lausa húsmuni. Rúmin voru naglföst og hluti af uppbyggingu hússins. Þau gegndu stóru hlutverki öðru en því að vera náttstaður heimilisfólks. Fólk sat á rúmum við vinnu sína á daginn og mataðist þar á matmálistímum. Það hefur því vafalítið verið fengur að útvega til Nordiska museet rúmábreiður sem bæði vörpuðu ljósi á híbýlahætti, lifnaðarhætti og á listsköpun alþýðunnar sem lagði áherslu á að skreyta og lífga upp á nánasta umhverfi sitt. Nokkrar rúmábreiður fóru út á 19. öld. Tvær þeirra eru brekánsofnar. Fyrir kemur að ábreiða er nefnd brekán og hefur þá orðið fengið yfirfærða merkingu. Tvær rúmábreiður eru með salúnsvefnaði og tvær eru krossofnar.<sup>i</sup> Þá er rétt að geta glitaðrar bekkessu sem er meðal safnkostsins.

## Fatnaður og skart

Fram hefur komið að í upphafi lagði Artur Hazelius áherslu á að fá til safnsins fatnað. Betri klæðnaður varð fyrir valinu. Eftirsóknarvert var að fá hátíða- og þjóðbúninga til safnsins. Á Íslandi var einnig lögð áhersla á að safna fatnaði og tilheyrandi skarti. Raunin er og sú að þeir búningar sem fóru til Svíþjóðar á 19. öld sverja sig mjög í ætt og við þá sem bárust Forngripasafninu um svipað leyti. Ekki bólar á hversdagfatnaði frekar en annars staðar. Ekki hefur þótt viðeigandi að safna saman þeim tötralega fatnaði sem almenningur klæddist hversdags enda var hann og jafnan brúkaður „upp til agna“.

Hér verður aðeins gefið stutt yfirlit yfir það sem kom frá Svíþjóð og tilheyrði klæðaburði Íslendinga. Það bárust fjórir heilir skautbúningar og tvenn peysuföt. Peysan er gott eintak og listilega þrjúnuð. Einn skautbúninganna er samsettur þannig að upphluturinn er festur við samfelluna. Þá eru í safninu sjö stakir upphlutir og er útlit þeirra mjög fjölbreytilegt. Eina treyjan sem fór til Nordiska museet er sérstök því hún er samsett úr fleiri en einum hluta. Neðan á hana er fest neðri hluta af upphlut og við neðri brún hans gul felld ræma. Þessi treyja er gott dæmi um hvernig fólk varð að gjörnýta eigin sínar.

Um fjörutíu kragar af ýmsum gerðum eru í safninu. Þeir tilheyrðu gamla faldbúningnum.<sup>ii</sup>

Kragarnir eru skreyttir á ýmsa vegu, baldýraðir, með knippli eða útsaumaðir. Mismunandi breidd getur gefið til kynna aldur þeirra því yngri kragar eru jafnan breiðari. Sumir kraganna virðast aldrei hafa verið notaðir. Einn möttull úr dökkbláu flaueli með hvítum skinnkanti er í safninu og hann

virðist vera notaður. Tveir flosöfnir hemburðar sem hefur verið skipt niður og settir saman í eitt stykki eftir að þeir komu til Nordiska museet.

Nokkrir úþrjónaðir kvenvettlingar eru meðal gripanna, allmörg pör af skinnskóm, bæði karl- og kvenskór, og í þeim þrjónaðir leppar. Íslensku skinnskórnir hafa vafalítið vakið athygli safnaranna.

Brenn spjaldofin bönd eru meðal gripanna og til að nefna fleiri dæmi þá má telja slifsi, peysubrjóst, handlínu, húfur og lausavasa.

Búningaskartið er margbreytilegt. Nokkur stök belti, bæði baldýruð, með doppum og útsaumum. Fjöldi beltispara er í safninu. Flest eru úr silfri eða silfurhúðuðum málmum en eitt parið vakti sérstaka athygli því það er stept úr kopar og sver sig í ætt við beislisskraut sem víða tíðkaðist. Fjöldi hnappa tilheyrandi kvenbúningum er í safninu, s.s. samfelluhnappar, svuntuhnappar og ermahnappar. Þá er ógetið mikils fjölda milla og millupara, reima og reimanála og para til að festa saman hemburðanga. Þá má nefna hálsmen, nisti, skúfhólka, húfuprjóna, sérkennilega hárkamba og nælur.

Lítið sem ekkert hefur aflast af karlmannafatnaði til Svíþjóðar á 19. öldinni. Það bætist því lítið í þá fátæklegu mynd sem fyrir var í Þjóðminjasafni því varðveittur fatnaður karla er afar fágætur. Nokkur fjöldi hnappa af karlmannafatnaði er í safninu og vettlingar sem eru meðal gripanna hafa verið þrjónaðir sérstaklega fyrir safnarana. Skyrtunálar frá karlmannaskyrtum eru í safninu en Helgi fjallar sérstaklega um slíkar nálar í sinni skrá. Þá eru beltis- og axlabandahringjur meðal gripanna. Einir skinnsokkar, bösl, eru meðal gripanna og einhverjir skinnskónna eru væntanlega karlmannsskór.

Hið eina sem náðst hefur í af barnafatnaði eru skírnarhúfur. Því hefur ekkert bæst við í áþreifanlegar heimildir um barnaklæðnað fyrri tíðar. Tvær skírnarhúfur komu nú og eru báðar með baldýringu og líkjast þeim sem fyrir voru í Þjóðminjasafni.<sup>iii</sup>

**Lilja Árnadóttir**

---

<sup>i</sup> Elsa E. Guðjónsson. „Litræn textíliðja fyrir á öldum Útsaumur, listvefnaður, skinnsaumur, knipl og úþrjón“. *Hlutavelta tímans*. Rv. 2004, bls. 272 – 289; Halldóra Bjarnadóttir. *Vefnaður á íslenskum heimilum*. Rv. 1966.

<sup>ii</sup> Herdís Tómasdóttir. „Kragar af faldbúningi“ *Gersemur og þarfaping*. Rv. 1994.

<sup>iii</sup> Kristín Einaradóttir. „Að gera sér dagamun Opinberar hátíðir og merkisdagar ævinnar“. *Hlutavelta tímans*. Rv. 2004, bls. 332.